

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Mýrdalshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert.

#### 2. gr.

Sorpgjald einstaklingar:

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Húsráðendum s.s. húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni.

#### 3. gr.

Á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð og fjölda íláta.

<i>Blandaður úrgangur</i>	<i>120 l</i>	<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald	29.500 kr.	49.000 kr.	117.500 kr.
<i>Plastúrgangur</i>		<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald		14.500 kr.	43.500 kr.
<i>Pappírs- og pappáúrgangur</i>		<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald		9.000 kr.	27.000 kr.
<i>Lífrænn úrgangur</i>	<i>120 l</i>		
Sorpgjald	33.500 kr.		

Fyrir árið 2024 greiðist fyrir á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús 75.000 kr. vegna tafa sem urðu á dreifingu íláta.

Fyrir sumarhús og frístundahús greiðist sorpgjald að upphæð 35.000 kr. sem tryggir aðgang að klippikorti á gámasvæði sveitarfélagsins í Vík og sorpílátum í grennd við sumarhúsabyggðir.

Sorpgjöld fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim, óski þeir eftir að vera inni í sorphirðuhring skv. útgefnu dagatali.

<i>Blandaður úrgangur</i>	<i>120 l</i>	<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald	35.400 kr.	58.800 kr.	141.000 kr.
<i>Plastúrgangur</i>		<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald		17.400 kr.	52.200 kr.
<i>Pappírs- og pappáúrgangur</i>		<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald		10.800 kr.	32.400 kr.
<i>Lífrænn úrgangur</i>	<i>120 l</i>		
Sorpgjald	40.200 kr.		

#### 4. gr.

Móttökugjöld á móttökustöð sveitarfélagsins í Vík fyrir þá sem ekki greiða sorpgjöld eru eftirfarandi:

Komugjöld:

Komugjöld á gámaplan 1.000 kr. pr./ferð

*Almennur úrgangur og grófur úrgangur:*

Blandaður úrgangur

18.600 kr./m<sup>3</sup>

Blandaður grófur úrgangur	18.600 kr./m <sup>3</sup>
Timbur	21.000 kr./m <sup>3</sup>
Glerumbúðir	12.000 kr./m <sup>3</sup>
Plast blandað	2.720 kr./m <sup>3</sup>
Pappír og pappi, blandað	2.720 kr./m <sup>3</sup>
Gler og óvirkur úrgangur (múrbrot, gifs o.fl.)	7.797 kr./m <sup>3</sup>
Garðaúrgangur	3.657 kr./m <sup>3</sup>
Grófur plastúrgangur (fiskikör o.þ.h.)	39.806 kr./m <sup>3</sup>
Frauðplast	4.792 kr./m <sup>3</sup>
Heyrúlluplast (óendurvinnanlegt)	18.600 kr./m <sup>3</sup>
Afsetning spilliefna, blandað	150 kr./kg
Sóttmengaður úrgangur	711 kr./kg
Málmar, brotamálmar	Gjaldfrjálst
Málmumbúðir	Gjaldfrjálst
Hjólbarðar	Gjaldfrjálst
Raf- og rafeindatæki, blandað	Gjaldfrjálst
Heyrúlluplast endurvinnanlegt	Gjaldfrjálst
<i>Ýmislegt:</i>	
Matarolía	55 kr./l
Olíumengaður úrgangur (olía, olíusíur og plast olíubrúsar)	242 kr./kg
<i>Lífrænt efni beint til jarðgerðar:</i>	
Lífrænn heimilisúrgangur	40 kr./kg
<i>Raftæki og spilliefni:</i>	
Kælitæki	Gjaldfrjálst
Lítil raftæki	Gjaldfrjálst
Ljósaperur	Gjaldfrjálst
Rafgeymar	Gjaldfrjálst
Skjái	Gjaldfrjálst
Stór raftæki	Gjaldfrjálst
Tölvur, prentarar og símar	Gjaldfrjálst
Rafhlöður	Gjaldfrjálst

*Rekstraraðilar:*

Þeir greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt/rúmmáli, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

*Almenningur:*

Allir sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald fá árlega afhent klippikort sem inniheldur losun á 4 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang en ekki þegar tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að gámasvæðinu og því er nauðsynlegt að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m<sup>3</sup> sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu.

## 5. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Mýrdalshreppi er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisauka-skatt.

## 6. gr.

Allar fjárhæðir skv. 3. og 4. gr. þessarar gjaldskrár taka breytingum 1. janúar ár hvert miðað við launavísitölu að hálfu (50%), m.v. grunnvísitölu í janúar 2024 og að hálfu (50%), m.v. vísitölu NVT 072 Rekstur ökutækja m.v. grunnvísitölu í janúar 2024. Gjaldskráin tekur fyrst breytingum í janúar 2025.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 15. febrúar 2024. Gjaldskráin er sett með heimild í 10. gr. samþykktar nr. 478/2024 um meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi og samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 103/2020.

*Vík í Mýrdal, 27. júní 2024.*

**Einar Freyr Elínarson** sveitarstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 28. júní 2024